

FRÁSÖGN

af haustfundi þings Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu 3.–4. nóvember 2021.

Fundurinn var haldinn með fjarfundarbúnaði. Af hálfu Íslandsdeildar tóku þátt í fundinum Bryndís Haraldsdóttir, starfandi formaður, og Bylgja Árnadóttir, alþjóðaritari. Á dagskrá voru málefni Afganistans og Miðjarðarhafsins.

Haustfundinum var skipt í þrjá hluta. Í upphafi kom stjórnarnefnd ÖSE-þingsins saman á fjarfundi og hlýddi á skýrslur forseta þingsins, gjaldkera og framkvæmdastjóra. Í öðrum hluta fundarins var fjallað um málefni Miðjarðarhafsins. Adam Hałaciński, sendiherra Póllands og formaður Miðjarðarhafshóps ÖSE (e. *OSCE Mediterranean Partners for Co-operation Group*), sagði frá tilraunum ÖSE til að stuðla að samræðum milli landa um það hvernig takast ætti á við þær áskoranir sem blöstu við á svæðinu. Eitt af verkefnum væri að auka svæðisbundna samvinnu í baráttunni gegn skipulögðum glæpasamtökum og að endurheimta þýfi. Þá byði ÖSE ungmennum frá svæðinu á námskeið í markvissri stefnumótun. Fulltrúar frá sendinefndum Miðjarðarhafslanda á ÖSE-þinginu ávörpuðu einnig fundinn.

Í þriðja hluta fundarins var fjallað um öryggisáskoranir vegna stjórn málaástandsins í Afganistan. Margareta Cederfelt, forseti ÖSE-þingsins, sagði yfirtöku talibana á stjórnartaumum í Afganistan hafa gríðarleg áhrif á nágrennalöndin og á öryggi á alþjóðavísu. Óttast væri að Afganistan yrði enn á ný gríðastaður hryðjuverkasamtaka. Eftir því sem liði á veturinn myndu aðstæður íbúa Afganistans og fólks á flóttu versna.

Frekari upplýsingar má nálgast hjá ritara Íslandsdeildar og á vefsvæðinu www.oscepa.org.